

Nd.

94. Frumvarp

til laga um sauðfjármörk.

Flutningsm.: Jörundur Brynjólfsson og Bernharð Stefánsson.

1. gr.

Skytt er hverjum, sem á sauðfjármark, að fá það lögskráð. Lögskráð teljast sauðfjármörk, sem prentuð eru í gildandi markaskrá þess héraðs, sem markeigandi á lögheimili í.

Nú er nýtt mark tekið upp, eftir að prentun markaskrár hlutaðeigandi héraðs fór fram, eða lögskráð mark í öðru héraði er flutt milli héraða og notkun

Þess leyfð af markadómi, og skal þá markavörður annast birtingu þess í Lög-
birtingablaðinu. Þau mörk, sem þannig eru birt í Lögbirtingablaðinu, teljast lög-
skráð, unz næst er prentuð markaskrá fyrir það hérað, sem markeigandi á lög-
heimili í.

2. gr.

Öll sauðfjármörk skal lögskrá, og má eigi nota önnur mörk, sbr. þó 13. gr.

3. gr.

Mörk eru tvennskonar, eyrnámörk, sem sett eru á eyru sauðfjár (og líka
má setja á horn sem hornámörk) og brennimörk, sem brennd eru á horn sauð-
fjár. Brennimörk má líka setja á merki, sem fest eru í eyru sauðfjár, enda sé
lögskráð brennimark á merkinu.

4. gr.

Hver sauðfjáreigandi skal sjá um mörkun á fé sinu.

5. gr.

Mark, sem er lögskráð samkvæmt lögum þessum, er eign þess, sem skrif-
aður er fyrir því, og er öllum öðrum óheimilt að taka það upp eða nota, nema
með hans leyfi, eða leyfi markadóms. En um það leyfi fer eftir ákvæðum 6. og
16. gr.

6. gr.

Atvinnumálaráðherra skipar 3 menn í markadóm. Markadómur skal úr-
skurð gefa meðal annars um rétt manna til að halda áfram sauðfjármarki, er
þeir hafa áður haft, eða er í gildandi markaskrá, þegar um sammerkingar eða
námerkingar er að ræða, þar sem lög þessi leggja bann við. Ennfremur um
heimild manna til að taka upp nýtt mark eða flytja mark milli héraða. Einn
þessara manna nefnist markavörður, og er hann formaður dómsins. Skal hann
eiga heima í Reykjavík og hafa að launum 3000 kr. auk dýrtíðaruppbótar. Með-
dómendum markavarðar skal greiða þóknun fyrir starf sitt eftir reikningi.

7. gr.

Markavörður sér um prentun allra markaskráa landsins. Skal hann gæta
þess, að sammerkingar eigi sér ekki stað umfram það, sem lög þessi heimila.
Þegar prenta skal markaskrá, skal markadómur úrskurða, þar sem sammerking
er ekki heimil eftir lögum þessum, hver af þeim, er sammerkt á, hefir mestan
rétt til að halda áfram sauðfjármarki sinu.

Sá telst hafa rikari rétt til eignar og nota á sauðfjármarki í sama héraði
eða á samgangnasvæði, sem hefir fengið það að erfðum, heldur en sá, er tekur
upp mark, kaupir mark eða flytur það að. Og sá, er mark á í héraði, hefir rétt
á að halda því fyrir marki, sem flutt er inn í héraðið, hvað sem aldri markanna
líður eða hvernig sem uppruna þeirra er háttað.

Ef tveir eða fleiri eiga sammerkt innan eða utan héraðs, og eins er ástatt
um uppruna þeirra í eigu þess eða þeirra, er skrifast fyrir þeim, skal aldur
markanna ráða, eftir því er upplýsist um hann, og hefir þá elzta markið mestan

rétt. Keypt mark innan héraðs, sem áður hefir verið notað, hefir fyllri rétt en nýupptekið mark, þó keypt sé.

8. gr.

Í hverri sýslu skal vera einn maður kosinn af sýslunefnd, er safnar mörkunum, markasafnari, áður en markaskrá verður prentuð. Árið áður en prenta skal markaskrá fyrir sýslu, þar með talin þau bæjarfélög, sem samkvæmt lögum þessum er fyrirskipað að prenta sauðfjármörk sín í sýslumarkaskrá, skulu oddvitar, hver í sínu hreppi, safna sauðfjármörkum og veita markagjaldi móttöku, shr. 9. gr. Að söfnun markanna lokinni skulu þeir senda markasafnara mörkin ásamt markagjaldi, í síðasta lagi fyrir lok októbermánaðar. Markasafnari skal raða mörkunum og hlutast til um, að innan sýslu eða þess héraðs, er hann á að safna fyrir, eigi sér ekki stað sammerkingar. Fyrir áramót hin næstu skal hann hafa sent markaverði mörkin og markagjaldið.

Fyrir vinnu sína fær markasafnari 10% af markagjaldi sýslunnar eða héraðsins.

9. gr.

Hver sá, er lögskrá vill mark sitt í markaskrá, skal sjá um, að það komist til oddvita haustið sem markasöfnun fer fram. í síðasta lagi fyrir 15. október. Fyrir prentun marks í markaskrá skal greiða 2 kr., eigi sami maður ekki fleiri en 2 mörk, en 5 kr. skal greiða fyrir það þriðja, 10 kr. fyrir það fjórða, og þannig hækkandi áfram um 5 kr. fyrir hvert mark. Markagjöld þessi skal markaeigandi senda til oddvita með markinu, þegar markasöfnun fer fram. Fyrir skrásetningu brennimarks greiðist 50 aurar. Nú vill maður taka upp mark milli prentunar markaskráa, eða flytja mark milli héraða, og skal hann þá senda það ásamt markagjaldi til markavarðar, sem sér um birtingu þess í Lögbirtingablaðinu, ef notkun þess er heimil samkvæmt lögum þessum.

10. gr.

Nú neitar markadómur manni að taka upp eða halda marki, og skal hann þá benda hlutaðeigandi á mark (eða mörk) sem líkast því, er óskað var eftir.

11. gr.

Sýslu- og hrepps-brennimörk skal sauðfjáreigendum skylt að auðkenna með fé sitt, og skal það ætið sett á vinstra horn, ef fé er hyrnt, en ella skal það sett á merki, sem sett er í vinstra eyra. Hver sýsla skal auðkennd með einum eða fleiri bókstöfum, en hreppur með tölumerki.

Brennimark eiganda skal setja á hægra horn eða á merki, er fest er í hægra eyra, ef kind er kollótt. Brennimark sýslu og eiganda má þó setja á sama horn. og á hvort hornið sem er, ef kind er einhyrnd. Brennimörk skal lögskrá, og má ekki fleiri en einn í sömu sýslu hafa sama einkabrennimark.

12. gr.

Heimilt er mönnum að hornmarka fé sitt með lögskráðu eyrnamarki (hornamarki). Um eignarrétt kindar ræður fyrst sýslu- og hrepps-brennimark,

þá hornamark og brennimark eiganda, og síðast eyrnamark, nema annað sannist réttara.

13. gr.

Heimilt er mönnum að marka annað búfé sitt undir lögskráð sauðfjármörk sín. Sömuleiðis er mönnum heimilt að nota sérstök eyrnamörk á annað búfé sitt, en lögskrá skal þau þó á sama hátt og sauðfjármörk, og gilda um þau, eftir því sem við á, sömu reglur og tekið er fram í lögum þessum um sauðfjármörk.

14. gr.

Ef fé er ómarkað, eða markið óglögg, svo eigi verði úr ráðið, þá helgar ær eignarrétt að lambi. Nú er slíku eigi fyrir að fara, og getur þá sá helgað sér kindina, sem færir sönnur á eignarrétt sinn með tveimur óvillhöllum vottum.

Allt það fé, sem ekki finnst eigandi að, er eign þess sveitarfélags, sem það finnst í, og skal farið með það sem hlutaðeigandi fjallskilareglugerð mælir fyrir um. Þó er fé ekki eign þess sveitarfélags, er það finnst í, ef sýslu- og hrepps-brennimerkt er, heldur þess hrepps, er brennimerkið á, ef eigandi finnst ekki.

15. gr.

Á næstu 5 árum eftir að lög þessi öðlast gildi skal prenta allar markaskrár landsins, og skal það gert eins og hér segir:

Fyrsta árið skal prenta markaskrár Borgarfjarðar-, Mýra-, Barðastrandar-, Rangárvalla-, Eyjafjarðar- og Austur-Skaftafellssýslu. Í markaskrá Eyjafjarðarsýslu skal prenta sauðfjármörk Akureyringa og Siglufirðinga.

Annað árið skal prenta markaskrár Húnavatns-, V.-Ísafjarðar-, Suður-Þingeyjar- og Vestur-Skaftafellssýslu. Í markaskrá Húnavatnssýslu má ekki prenta mörk, sem áður hafa verið prentuð í markaskráum Borgarfjarðar-, Mýra- eða Rangárvallasýslu. Í markaskrá Vestur-Ísafjarðarsýslu má ekki prenta mörk, sem áður hafa verið prentuð í markaskrá Barðastrandarsýslu. Í markaskrá Suður-Þingeyjarsýslu má ekki prenta mörk, sem prentuð hafa verið í markaskrá Eyjafjarðarsýslu.

Þriðja árið skal prenta markaskrár Árnes-, N.-Ísafjarðar- (þar með talinn Ísafjarðarkaupstaður), Snæfellsnes-, Hnappadals-, Norður-Þingeyjar- og Vestmannaeyjasýslu. Í markaskrá Árnessýslu má ekki prenta mörk, sem prentuð hafa verið í markaskráum Borgarfjarðar-, Mýra-, Rangárvalla- eða Húnavatnssýslu. Í markaskrá Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu má ekki prenta mörk, sem prentuð hafa verið í markaskráum Borgarfjarðar-, Mýra- eða Húnavatnssýslu. Í markaskrá Norður-Þingeyjarsýslu má ekki prenta mörk, sem prentuð hafa verið í markaskrá Suður-Þingeyjarsýslu.

Fjórða árið skal prenta markaskrá fyrir Dalasýslu, Múlasýslur báðar með Norðfirði og Seyðisfirði og Skagafjarðarsýslu. Í markaskrá Dalasýslu má ekki prenta mörk, sem áður hafa verið prentuð í markaskráum Borgarfjarðar-, Mýra-, Snæfellsnes- og Hnappadals-, Barðastrandar- eða Húnavatnssýslu. Í markaskrá Norður-Múlasýslu má ekki prenta mörk, sem prentuð hafa verið í markaskrá Norður-Þingeyjarsýslu. Í markaskrá Suður-Múlasýslu má ekki prenta mörk, sem prentuð hafa verið í markaskrá Norður-Múlasýslu eða Austur-Skaftafellssýslu.

Í markaskrá Skagafjarðarsýslu má ekki prenta mörk, sem prentuð hafa verið í markaskrá Eyjafjarðar-, Húnavatns-, Árnes-, Mýra- eða Borgarfjarðarsýslu.

Fimmta árið skal prenta markaskrá fyrir Strandasýslu, Gullbringu- og Kjósarsýslu (þar með talin Reykjavík og Hafnarfjörður). Í markaskrá Gullbringu- og Kjósarsýslu má ekki prenta mörk, sem prentuð hafa verið í markaskrám Árnes-, Rangárvalla-, Húnavatns-, Borgarfjarðar- eða Mýrasýslu. Í markaskrá Strandasýslu má ekki prenta mörk, sem áður hafa verið prentuð í markaskrám Mýra-, Borgarfjarðar-, Dala-, Barðastrandar-, Norður-Ísafjarðar- eða Húnavatnssýslu.

Markaskrár landsins skal prenta 5. hvert ár í þeirri röð, er að ofan getur.

Ákvæði þessarar greinar um bann gegn prentun marka ná þó ekki til þeirra marka, sem flutt eru héraða milli með leyfi markadóms, sbr. 1. gr.

16. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 15. gr. um bann við sammerkingum milli hinna einstöku sýslna og héraða, getur markadómur veitt undanþágu frá banni þessu, þar sem svo stendur á, að fullvist má telja, að engar sauðfjársamgöngur eigi sér stað.

17. gr.

Heimilt er markadómi að banna mörk, sem eru mikil særingarmörk, svo sem afeyrt o. s. frv.

18. gr.

Tekjur þær, er inn koma fyrir lögskráningu marka, renna í rikissjóð, enda ber hann kostnaðinn af prentuninni og samningu markaskráa og birtingu marka í Lögbirtingablaðinu samkvæmt ákvæðum þessara laga.

19. gr.

Atvinnumálaráðuneytið skal með reglugerð setja nánari ákvæði um prentun markaskráa, gerð og heiti marka. Í reglugerðinni má og banna að nota ýmsar benjar, er valdið geta námerkingum og misdrætti á sauðfé.

20. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 5—100 kr. Með mál út af brotum gegn lögum þessum skal farið sem almenn lögreglumál.

21. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi númerin ákvæði 47.—50. kap. í Landsleigubálki Jónsbókar, svo og öll eldri lagafyrirmæli, er koma í bága við lög þessi.

22. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Hin síðari ár hefir mikið verið ritað og rætt um sauðfjármörk og sýnt fram á, að þar þurfi að breyta til bóta frá því, sem hefir verið. Má þó heita, að lítið hafi verið gert til umbóta. Einstaka sýslunefndir hafa reyndar sett inn í fjall-skilareglugerðir ákvæði, sem miða til nokkurra bóta. En þær eru bæði fáar, sem það hafa gert, og ákvæðin ná skammt. Eyfirðingar og Suður-Þingeyingar hafa komið á hjá sér markadómi, og hefir það gefizt vel, það sem það nær.

Málið hefir komið fyrir búnaðarþing, en ekki er sýnilegt, að neinn árangur hafi orðið af því. Þó kann að vera, að það hafi beint eða óbeint orðið til þess, að þingmaður Mýramanna tók málið upp á Alþingi 1914. Hann tók það upp á þeim grundvelli, að tekin væru upp sýslu- og hreppamörk, er mörkuð væru á annað eyrað, en einstaklingarnir mörkuðu á hitt eyrað mark sitt. Málið var óútrætt á þingi. Nefndin í málinu leit svo á, að málið ætti ekki að ná fram að ganga, af því að allur þorri af landsmönnum væri á móti breytingunni.

Nokkrir líta nú svo á, að breyting lík þeirri, er þingmaður Mýramanna flutti, sé bezta markafyrirkomulag. En þó deila megi um það, þá er hitt vist, að fjöldinn allur af þeim ca. 20 þús. mönnum, sem nú eiga sauðfjármörk, vill fá að halda þeim. Oft er um erfðamörk að ræða, sem mönnum er viðkvæmt mál, ef þeir ættu að missa þau. Þess vegna er allur þorrinn á móti svo gagngerðri breytingu.

Á þingi 1917 flutti landbúnaðarnefnd frumvarp um markalög, en það frumvarp var fellt.

Frumvarp það, er hér birtist, er að ýmsu leyti líkt frumvarpinu frá 1917, og sama grundvallarhugsun fyrir því, að láta sérstakan mann, markavörð, hafa umsjón og eftirlit með þessum málum.

Því hefir verið haldið fram, að hver og einn geti sjálfur myndað sér skoðun um þetta mál. En það er mjög hæpið. Málið er alls ekki eins ljóst og margur hyggur, og það er rangt að ætla, að hver og einn hafi greiðan aðgang að öllu, er til þess þarf að geta verið dómhær í þessu máli.

Áður en gerð er grein fyrir hinum einstöku greinum frumvarpsins, er rétt að fara nokkrum orðum um ástandið eins og það er nú, svo að ljóst verði, á hverju þarf að ráða bót.

1. Sömu markabentar eru kallaðar misjöfnum nöfnum í hinum ýmsu héruðum landsins. Sem dæmi má nefna: Blaðstýft og hálf t. d. úr, vaglskoru og stig, hófbita og hóf, hanka og hankfjöldur, kilfjaðrað, boðfjaðrað og andfjaðrað, standfjöldur og fjöldur o. m. fl.

Þetta, að sama ben er kölluð misjöfnum nöfnum hér og þar á landinu, er t. d. orsök þess, að maður, sem sér markið sitt auglýst á seldri kind, en einhverja eða einhverjar benjarnar kallaðar öðrum nöfnum en hann þekkir þær undir, áttar sig ekki á því og kallar ekki eftir verðinu.

Þetta ætlast lögin til, að lagað sé með reglugerð, sjá 19. gr.

2. Tvö ólík ben ganga hér og þar undir sama nafni. Sem dæmi má nefna,

vaglskoru, sem sett er misofarlega á eyra. Netnál er ýmist mörkuð í mitt eyra eða ofanfrá. Oddfjæðrað ýmist markað hangfjööður ofar og standfjööður neðar á sama eyra, eða mörkuð á sama hátt, en stykkið á milli tekið burt, en þá er það mark kallað geirskora hér og þar á landinu. Í Skagafirði er það t. d. geirskora. Væri kind þaðan seld í Árnassýslu, mundi hún verða auglýst með oddfjæðrað, en það mundi mönnum í Skagafirði aldrei detta í hug, að væri hið sama og geirskora.

Á þessu er líka ætlazt til, að ráðin sé bót með reglugerð, sbr. 19. gr. Hvert ben þarf að hafa sama nafnið um allt land.

3. Um mörk munu vera í gildi ákvæði Jónsbókar. En þó svo sé, eru þau öllum almenningi dauður lagabókstafur. Raunverulega er það svo, að mönnum er ekki tryggður eignarréttur á mörkum sínum.

Menn, sem flytja í héraðið, geta komið með sömu mörk og fyrir eru, eða þau geta verið tekin upp í næstu sveit, en í annari sýslu, og er þá sjaldnast að ræða um annað en að reyna samninga um að fá markið lagt niður. Þetta hefir leitt til þess, að sam- og námerkingar hafa stöðugt farið vaxandi. Þetta kemur fyrst og fremst til af því, að markaeigendum og mörkum fjölgar. 1917 voru um 23 þús. mörk á landinu, nú eru þau um 28 þús. Síðustu 12 árin hafa milli 4 og 5 þús. ný mörk bætzt við. Jafnframt hafa flestar stór- og smáár landsins verið brúaðar, og við það hefir samgangur fjárins breytzt, svo sammerkingar koma nú að sök þar, sem þær gerðu það ekki áður.

Til að rannsaka þetta nokkuð, hafa margar af nógildandi markaskráum landsins verið lesnar saman við markaskrár aðliggjandi héraða.

Nokkrir menn hafa látið prenta mörk sín í fleiri en einni markaskrá, og einn hreppur, Kelduneshreppur, lætur prenta mörk sín í báðum þingeysku markaskránum. Öllum slíkum mörkum er sleppt og þau ekki talin sammerkingar. Þá hefir mörkum nokkurra manna, sem flutzt hafa milli héraða og því hafa mark sitt prentað í tveim markaskráum, verið sleppt, eftir því sem vart hefir orðið við þau, en ekki er útilokað, að einhver slík mörk kunni þó að hafa slæðzt með, en þau munu ekki vera mörg. Annars er þessi samanburður erfiður, af því að mörkunum er raðað sitt á hvað í skránum. Því getur verið, að sammerkingar séu fleiri en orðið hefir vart við.

Þessi samanburður sýnir nú, að milli Skagfirðinga og Húnavetninga eru 220 sammerkingar. Um 100 af þeim er viðurkennt, að þær séu bagalegar, og um 50 af þeim eru milli manna, sem búa vestan Héraðsvatna og austan Blöndu eða á Blönduósi. Innbyrðis eru sammerkingar í báðum sýslunum, t. d. milli manna, sem búa í Hofshreppi og Akrahreppi, Hólahreppi og Seiluhreppi, Akrahreppi og Seiluhreppi o. s. frv. í Skagafirði.

Blanda og Héraðsvötn voru náttúrlegar torfærur milli fjárins, áður en brúað var, en nú er það ekki lengur. Sem dæmi má nefna, að ekki hafði það komið fyrir, að fé vestan yfir vötn kæmi fyrir í Haga- og Kolbeinsdalsrétt fyrri en haustið eftir að Vesturósinn var brúaður. Þá voru 12 kindur vestan yfir vötn í þessum réttum, og síðan hefir þar ávallt verið eitthvað af fé vestan yfir vötn. -- Þetta dæmi verður að nægja til að sýna, hvernig þau svæði, sem sammerking-

ar mega ekki eiga sér stað á, hafa stækkað vegna brúnna, sem settar hafa verið á árnar.

Milli Eyfirðinga og Skagfirðinga er 151 sammerking. 43 þeirra eru milli manna, sem reka fé sitt í fjallgarðinn milli sýslanna. Leiðir af sjálfu sér, að þær eru allar skaðlegar, en annars hafa síðastliðin 10 ár komið fyrir kindur úr öllum hreppum Eyjafjarðarsýslu í Hagarétt í Skagafirði.

Milli Suður-Þingeyinga og Eyfirðinga eru ekki nema leyfðar sammerkingar. Markadómur hefir litið svo á, að þær kæmu yfirleitt ekki að sök. Það er sjálfsgagt að mestu leyti rétt, en þó er það mikill vafi með sumar þeirra. Sbr. síðar.

Milli Norður-Þingeyinga og Múlsýslunga eru 372 sammerkingar. Margar af þeim eru með öllu ósaknæmar, en allar eru þær það ekki. T. d. eru 72 sammerkingar milli manna, sem búa í Norður-Þingeyjarsýslu, og manna, sem búa í Vopnafirði, Jökuldal eða Langanesströndum, og verða þær allar að teljast bagalegar.

Milli Norður-Þingeyinga og Suður-Þingeyinga eru 170 sammerkingar. Þær koma líklega litið að sök, því fé fer litið yfir Jökulsá, og veldur því lega brúarinnar. Þó var nú fyrir liðugu ári búið að taka dilk frá Neslöndum í Mývatnsveit í Axarfjarðarrétt og setja hann í Múlasýsluféð, af því að markið var úr Hróarstungu, en þaðan þótti líklegra að hann væri en úr Mývatnssveit, og hefði hann gengið þangað, ef misdrátturinn hefði ekki uppgötvast af því að móðir lambsins var í tveimur reyfum og varð síðast í töfludrætti fyrir sama manni og dilkurinn áður, og þá brennimerkt Neslönd. Þetta dæmi sýnir ljóslega, hvernig misdráttur getur átt sér stað milli manna, sem eru svo langt hvor frá öðrum, að talið er, að fjársamgöngur eigi sér alls eigi stað, en á milli þeirra kemur fé frá báðum saman, og það veldur misdrætti.

Í markaskrá Múlasýslna eru ekki nema leyfðar sammerkingar, sem sá, er bjó töfluna undir prentun, hefir álitnið, að ekki kæmi að sök. En um þær er sama að segja og um dæmið, sem tekið var hér á undan. Það er ekki óalgengt, að seldir séu sammerkingar í Múlasýslu, og er það réttara en að draga kindina eftir líkum. Dæmi um þetta kom fyrir í Fljótsdal fyrir 2 árum. Vafi var á, hvort kind væri úr Breiðdal eða Borgarfirði. Markið var á báðum stöðum, nokkrar kindur frá báðum stöðum, svo ekki var unnt að vita, hver kindina átti. Dæmi þessu lík eru til um allt land, og sýna þau ljóst, að það er ekki nóg, að ekki sé sammerkt á svæðum, sem fjársamgöngur eiga sér stað á, heldur verður að vera svo langt milli sammerkinganna, að fé úr þeim stöðum, sem sammerkt eiga, komi ekki saman á millisvæðum.

Milli Múlsýslunga og Austur-Skaftfellinga eru 428 sammerkingar. Fæstar af þeim koma að sök. Þó eru 8 milli manna, sem búa í Mýrahreppi og Geithellnahreppi, og 6 milli manna, sem búa í Geithellnahreppi, og manna, sem búa í Nesja- eða Bæjarhreppi, og leikur ekki á tveim tungum, að þær eru mjög bagalegar. Um hinar, sem eru milli manna, sem búa í Beruneshreppi, og manna í Nesjahreppi eða Bæjarhreppi, getur orkað meira tvímælis, en þó munu fleiri telja þær óheppilegar.

Milli Vestur-Skaftfellinga og annara hefir þetta ekki verið rannsakað. Þar mun vera minni hætta á um sammerkingar, vegna staðhátta, en þó má ekki vera sammerkt í Skaftártungu, Álftaveri eða Meðallandi, og í Rangárvallahreppi eða Holtum eða Landmannahreppi, og ekki sammerkt í Mýrdal og undir Eyjafjöllum.

Milli Rangæinga og Árnesinga eru 147 sammerkingar. Af þeim eru 53 milli manna, er búa austan Hvítár í Árnessýslu og vestan Markarfljóts í Rangárvallasýslu. Innan Rangárvallasýslu eru 23 sammerkingar.

Milli manna, sem búa í Árnessýslu og Gullbringu- og Kjósarsýslu, er 81 sammerking, en 37 eru sammerkingarnar milli manna, er búa í Gullbringu- og Kjósarsýslu, og manna í Borgarfirði.

Milli Borgfirðinga og Mýramanna eru 48 sammerkingar.

Nákvæmlega hafa sammerkingar milli Borgfirðinga og Húnavetninga ekki verið taldar, en þær eru yfir 300.

Sama má segja um vesturkjálkann. Sammerkingar hafa ekki verið bornar saman þar. En þær eru þar, eins og annarsstaðar, milli manna, sem búa á svæðum, sem fjársamgöngur eru á milli. Og þær eru líka innan sömu sýslu, jafnvel innan sama hrepps; t. d. eru þrír menn í sama hreppi á Vesturlandi, sem hafa sýlt biti aftan hægra, og er þó ekki yfir klukkutíma ferð á milli bæjanna og engin vötn, sem teljandi eru, er aðskilji löndin. Svipuð dæmi eru mörg, svo sammerkingarnar eru þar ekki síður bagalegar en annarsstaðar, þó þær hafi ekki verið taldar sérstaklega.

Af þessu er ljóst, að sammerkingar eru víða, og víða bagalegar. Þetta er ætlað til að verði fyrirbyggt með markadómi og markaverði. Vitanlega getur ekki hjá því farið, að ýmsir verði að leggja niður þau mörk, sem þeir hafa nú, en færri ættu þeir að verða en með gagngerðri breytingu. Í 7. gr. frumv. er tekið fram, hvaða höfuðreglu eigi að fylgja í því efni, og verður markavörður að sjá um að afla þeirra upplýsinga um leið og markasöfnun fer fram. Þyrfti að útbúa markasöfnunarseðla, svo að þær upplýsingar, sem dómur markadóms þarf að byggjast á, komi á hverjum seðli með markinu.

Sammerkingar hafa aukizt hin síðari ár. 1913 og 1914 voru þær nokkuð rannsakaðar af Páli Zóphóníassyni og voru þá um $\frac{1}{3}$ færri en þær eru nú. Þá var líka selt færri óskilafé á haustin en nú er selt. 1927 er selt og auglýst, sennilega af því að mark þekkist ekki, 504 kindur og 8 hross, 1928 er selt 586 fjár og 7 hross, og 1929 er féð, sem selt var, yfir 600.

Á hverju einasta ári eru einhverjir, sem auglýsa, að þeim hafi verið dregnar kindur, sem þeir ekki eigi, þó að fjármarkið eigi þeir, og um markið verði að semja. Slíkar auglýsingar hafa síðastliðin 3 ár birzt úr Rangárvallasýslu, Árnessýslu, Gullbringu- og Kjósarsýslu, Borgarfjarðarsýslu, Mýrasýslu, Dalasýslu, Húnavatnssýslu, Skagafjarðarsýslu, Eyjafjarðarsýslu, Þingeyjar-sýslu og Múlasýslu. Vestfirzku blöðin hafa ekki verið rannsökuð hvað þetta snertir, en vafalaust eru þar einhverjar slíkar auglýsingar. Ef Vestfirðir eru ekki taldir með hvað þetta snertir, þá eru það 24 kindur, sem þannig eru auglýstar að meðaltali á ári síðustu 3 árin. Við þessar auglýsingar er það enn fremur að athuga, að mjög margt af misdregna auglýsta fénu er mislitt, og er það vitanlega

af því, að menn verða frekar varir við misdráttinn. Fjármargur maður verður nefnilega ekki var við, þó honum sé dregið lamb með hans marki, nema hann alheimti sin lömb eða lambið sé að einhverju leyti frábrugðið.

Allur þessi misdráttur á að minnka og nær því að hverfa, ef frumvarp þetta verður að lögum. Sam- og námerkingar eiga að hverfa, en þær eru oft höfuðorsök til misdráttar.

Að vísu eru þess dæmi, að fé renni svo langt, að engin leið er að fyrirbyggja sammerkingar nema með gerbreytingu á mörkum mjög margra manna, en þau eru mjög fá. Sem dæmi skal hér nefnt, að tvö fjallalömb úr Borgarfirði hafa komið fyrir austur á Síðu, og eitt sinn kom tvílembd ær úr Suður-Þingeyjarsýslu fyrir í Hornafirði. Ær úr Strandasýslu hefir komið fyrir norður í Eyjafirði o. s. frv. En þessi og þessu lík dæmi eru fá og ekki hægt að taka tillit til þeirra.

Öryggið fyrir því, að mark á kind helgi eignarrétt á henni, á að verða miklu meira eftir frumv., enda er það eitt aðalatriði þessa máls.

4. Til þess að sýna notkun markanna nú, hefir tafla verið búin til. Hún sýnir öll aðalmörk á hægri eyra. Sama mark er þó talið sem eitt, þó það sé bæði notað framan og aftan. Þegar þess er gætt, sést, að það eru 125 ben, sem talin eru sem sjálfstæð mörk í markaskrá landsins. Þegar þau svo eru sett saman á hvað á báðum eyrum kindarinnar, verður tilbreytnin svo mikil, að markafjöldinn er afarmikill. Nú eru mörg af þessum mörkum svo lík öðrum, að hætt er við misdrætti af þeirri orsök, önnur eru svo mikil særingarmörk, að hæpið er að leyfa þau. Þess vegna er gert ráð fyrir, að bannað sé með reglugerð að nota sum þau mörk, sem nú eru notuð, og auk þess er markadómi gefið vald til að hanna mörk, sem síðar kunna að verða tekin upp, en sem að dómi hans þykja óhæf. Að tilbreytnin samt geti verið nægileg, er ekkert vafamál. Þess vegna er ætlað til þess, að bönnuð verði þau mörk, sem helzt valda misdrætti.

5. Markaskrár landsins eru nú prentaðar sín með hverju sniði. Sumar hafa ekki brennimarkaskrá, heldur hafa þær hvert brennimark hjá marki eiganda. Aðrar hafa brennimarkaskrá, og brennimörkum þar raðað eftir stafrófsröð. Sumar hafa markeigendur sér í registri aftan við, raðað eftir stafrófsröð, og tilvísun til marka þeirra frammar í skránni. Bæði brennimarkaskráin og markeigendaskráin virðast mjög nauðsynlegar. Hin fyrri er ómissandi til þess að geta fundið brennimark, þegar draga þarf kind eftir brennimarki, og hin síðari er nauðsynleg t. d. þegar markað er undir ám fyrir aðra að vorinu.

Á þessum grundvelli hefir verið rannsakað, hvað mundi kosta að prenta allar markaskrár landsins. Það hefir gert hr. prentsmiðjustjóri Steingrímur Guðmundsson. Það hefir verið gert ráð fyrir svo miklu upplagi, að hver mark-eigandi gæti fengið eitt eintak af markaskránni. Áætlað var, að það kostaði um 40000 kr. að prenta allar markaskrár landsins. Nú er gert ráð fyrir því í lögum, að markagjaldið sé kr. 2.00 af hverju marki, sem prentað er, ef sami maður á ekki nema 2 mörk, en fari svo hækkandi, þannig að fyrir þriðja markið greiðist 5 kr., fjórða 10 kr., og svo hækkandi um 5 kr. fyrir hvert mark. Fyrir skrásetningu brennimarka er ætlað til, að greitt sé kr. 0.50. Tekjurnar af öllum mörkunum yrðu því um 63000 kr. Á hverjum 5 árum mundi því fást 63000 kr.

í tekjur, en auk þess ætti að mega fá fyrir auglýsingar, sem teknar væru í markaskrána, nokkrar tekjur. En á hverjum 5 árum yrðu gjöldin: prentunin, laun markavarðar og markadóms og skrifstofugjöld, --- og er ekki hægt að ætla þau gjöld minna fyrstu 6 árin, meðan verið væri að prenta fyrstu umferð af markaskránum, en um 70 þús. kr. Vantar því fyrstu 5—6 árin um 10 þús. kr. til þess að markagjaldið borgi alla fyrirhöfn, en þá eru heldur ekki taldar þær tekjur, sem inn koma fyrir auglýsingar.

Eftir að búið væri að prenta fyrstu umferð af markaskránum, yrði verkið miklu minna og til muna ódýrara. Þá ætti jafnvel að geta orðið tekjuafgangur, svo það fengist aftur greitt í rikissjóðinn, sem hann hefði lagt fram í fyrstu.

Um hinar einstöku greinar þarf ekki mikið að ræða.

Um 1. gr.

Það þykir sjálfsagt, að hverjum markeiganda sé skylt að láta lögskrá mark sitt. Að þeim reglum, er um það verða að gilda, lúta ákvæði 1. gr., og virðast þau ekki þurfa skýringar við.

Um 2. gr.

Sjálfsagt þykir að banna önnur mörk en þau, sem lögskráð eru. Að marka t. d. hross undir styttingu úr lögskráðu sauðfjármarki, er ekki vert, enda þó það sé nú algengt, og veldur það oft allskonar óþægindum. Ákvæði 13. gr. lúta að þessu og heimila mönnum að nota sérstök hrossamörk, og sérstök mörk á annað húfé (geitur, nautgripi), en þá verða menn að láta lögskrá þau, eins og sauðfjármörk.

Um 3. gr.

Þarf ekki skýringar við. Þó má geta þess, að mönnum er að sjálfsgöðu heimilt að setja á horn og í eyru merki, er sýni eiganda, ætt og aldur, enda eru það ekki eignarréttismerki, eins og eyrnamörk og einstakra manna brennimörk.

Um 4. gr.

Þarf ekki skýringar við.

Um 5. gr.

Þarf ekki frekari skýringar en felast í almennu athugasemdunum. Sömu reglur eru láttnar gilda um rétt manna til marka, er víðast hvar gilda nú.

Um 6. gr.

Ákvæði 6. gr. um markasöfnun heima í héraði virðast ekki þurfa skýringa við.

Um 9. gr.

Sá siður hefir farið í vöxt, að menn hafi mörg mörk. Það á sér stað, að sami maður eigi 5—10 mörk, og sá, sem nú er prentaður fyrir einna flestum mörkum, á vist ekki fleiri kindur en mörk. Þetta er vitanlega alger óþarfi. Því er sett hækkandi gjald fyrir þau mörk, sem hver á fram yfir 2, en það virðist í alla staði eðlilegt, að fjármargur maður vilji eiga tvö mörk.

Mörk, sem þarf að fá skrásett milli þess að markaskrár eru prentaðar, þarf að auglýsa, og hentar best að gera það í Lögbirtingablaðinu.

Um 10. gr.

Þarf ekki skýringar við.

Um 11. gr.

Nú er engin föst regla um það, á hvort hornið hreppsbrennimarkið er sett. Hér er ákveðið, að það skuli ætíð setja á vinstra horn. Ennfremur er ákveðið, að hver sýsla skuli auðkennd með einum eða fleiri bókstöfum, og hreppar með tölumerki. Þetta er nú víða svona. En á öðrum stöðum eru hrepparnir merktir með bókstöfum og sumstaðar með merkjum. Öll slík merki yrðu að hverfa. Sömuleiðis gæti verið ástæða til að breyta sumum sýslubrennimörkunum. T. d. er ekki sjaldgæft, að misdráttur verði milli Mýra- og Húnavatnssýslna, af því að H og M eru ekki ósvipuð á brennimörkum, ef þau eru ekki vel gerð.

Um 12. gr.

Þarf ekki skýringar við. Það liggur í hlutarins eðli, að hafi kind skipt um eiganda, þá er það hornamarkið (sé kind hyrnd), sem nýi eigandinn getur alltaf sett á hana; samhliða sínu brennimarki, og því verður hornamark og brennimark að helga eignarrétt fyrir eyrnamarki

Um 13. gr.

Þarf ekki skýringar.

Um 14. gr.

Þarf ekki skýringar við og breytir engu frá því, sem nú er algengast um landið.

Um 15. og 16. gr.

Verði frumvarp þetta að lögum, verður strax næsta sumar að fara að undirbúa prentun markaskráa, semja spjaldskrá yfir öll mörk, sem nú eru notuð í landinu, og búa til markasöfnunarmiða o. s. frv. 1932 yrðu svo fyrstu skrárnar prentaðar.

Í 15. gr. er tekið fram, í hvaða sýslum ekki má vera sammerkt, en þar sem taka verður heilar sýslur eða markasvæði, þá er í 16. gr. gert ráð fyrir, að markadómur geti leyft sammerkingar, enda þó það komi í bága við ákvæði 15. gr., þar, sem sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Annars má um þessa grein vísa til þess, sem áður er sagt um frumvarpið í heild.

Um 17. gr.

Þarf ekki frekari skýringar við.

Um 18. gr.

Þarf engrar skýringar við.

Um 19., 20., 21. og 22. gr.

Þurfa ekki skýringar við.

